

# Fundargerð 355. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands 14. mars 2013

Árið 2013, fimmtudaginn 14. mars kl. 14:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Björn Arnaldsson.

Már Sveinbjörnsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 354. fundar frá 15. febrúar 2013.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Ársreikningar hafnasambandsins - 0603008HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2011 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara og skoðunarmönnum hafnasambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur.

Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

*Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.*

### 3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarp til breytinga á hafnalögum.

*Til kynningar.*

### 4. Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög) - 1302024HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög), 488. mál.

*Til kynningar.*

### 5. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lögð fram að nýju ályktun frá 38. hafnasambandsþingi, dags. 3. október 2012, um mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins. Einnig lagðar fram tillögur frá Íslenska sjávarklasnum að stefnumótun fyrir hafnir landsins.

*Samþykkt að fara í samstarf við Sjávarklasann um mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins. Formanni heimilað að ganga frá samningi við Sjávarklasann.*

**6. Starfsnefndir 2012-2014 - 1210227HA**

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar, dags. 21. febrúar 2013, sem og drög að dagskrá Hafnafundar sem verður 20. september nk.

*Til kynningar.*

**7. Hafnafundur 2013 - 1301025HA**

Lögð fram drög að dagskrá Hafnafundar. Formaður fræðslunefndar og Valur Rafn gera grein fyrir stöðu mála.

*Fræðslunefnd og starfsmanni falið að ganga frá dagskránni og m.v. að senda hana út í maí.*

**8. Útboðsþing SI 2013 - 1303016HA**

Lagðar fram glærुकynningar frá Faxaflóahöfnum og Siglingastofnun um framkvæmdir í höfnum.

*Til kynningar.*

**9. Vigtun sjávarafla - 0901002HA**

Lögð fram fundargerð frá fundi með Fiskistofu, dags. 21 febrúar 2013, þar sem umræðuefnið var rafrænn aðgangur að gögnum í Gaflinn.

*Fulltrúum hafnasambandsins falið að vinna áfram í verkefninu.*

**10. Vorferð hafnasambandsins 2013 - 1301011HA**

Lögð fram að nýju drög að dagskrá vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí 2013. Formaður og starfsmaður gera grein fyrir stöðu mála en þeim var falið að undirbúa ferðina og ganga frá öllum þöntunum.

*Til kynningar.*

**11. Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna - 1211016HA**

Lögð fram að nýju ályktun frá 38. hafnasambandsþingi, dags. 3 október 2012, um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna. Einnig lögð fram fyrstu drög að úttekt á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi.

*Formanni falið að ganga frá samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga en úttektin verður framkvæmd af starfsmanni Hag- og upplýsingasviðs sambandsins.*

**12. Móttaka á úrgangi frá skipum - 1303021HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, dags. 28. febrúar, þar sem stofnunin boðar til fundar með Siglingastofnun Íslands og Hafnasambandi Íslands og er hafnasambandið beðið um að tilnefna fulltrúa til að sækja þann fund.

*Stjórn Hafnasambands Íslands tilnefnir Má Sveinbjörnsson og Hörð Blöndal til*

*að sækja fund með Umhverfisstofnun um móttöku á úrgangi frá skipum.*

### **13. Skerðing fjárveitinga til hafna- og vitamála 2013 - 1303091HA**

Lagt fram minnisblað, dags. 6. mars 2013, um skerðingu fjárveitinga til hafnamála skv. samgönguáætlun.

*Stjórn Hafnasambands Íslands hefur undanfarin ár ályktað um mikilvægi verkefna sem nú eru á hendi Siglingastofnunar og varða rannsóknir, rekstur og endurnýjun vita- og leiðsögukerfi og framkvæmdir í höfnum. Hafnasambandið gerir ekki athugasemdir við endurskipulagningu á samgöngustofnunum ríkisins, með þeim skýra fyrirvara að framangreindum verkefnum Siglingastofnunar sé vel fyrir komið og mikilvægi þeirra viðurkennt m.a. í fjárveitingum. Á miðju ári 2013, þegar ný stofnun, Farsýslan (eða Samgöngustofa) tekur til starfa og hluti verkefna Siglingastofnunar færast til Vegagerðarinnar, blasir við að fjárveitingar til rannsókna annars vegar og vita- og leiðsögukerfa hafa lækkað verulega og sama gildir um framlög til framkvæmda í höfnum. Sú staða er algjörlega óviðunandi samhliða því að ekki liggur fyrir að rannsóknir og rekstur vita- og leiðsögukerfa verði með þeim hætti sem sæmandi er þjóð sem sækir stærstan hluta þjóðartekna sinna á hafssvæðunum umhverfis landið.*

*Stjórn Hafnasambands Íslands og Hafnasambandsþing liðinna ára hafa marg ítrekað mikilvægi þess að á Íslandi sé rannsóknnum og framkvæmdum á sviði vita- og hafnamála sinnt af hálfu ríkisins af þeirri alvöru sem hæfir útvegs- og siglingaþjóð. Það mikilvægi birtist hvorki í lækkandi fjárframlögum til þessara málaflokka eða lausatökum á því skipulagi sem á að gilda varðandi rannsóknir á þessu sviði.*

*Stjórn Hafnasambands Íslands skorar því á Alþingi og innanríkisráðherra að tryggja í samgönguáætlun og á fjárlögum að rannsóknir á sviði hafnamála, rekstur vita- og leiðsögumerkja og hafnaframkvæmdir njóti þeirra fjárframlaga og þess rekstrarumhverfis sem eru grundvallar forsenda þess að sjófarendur búi við besta öryggi við strandir landsins og á siglingu til hafnar.*

Fundi var slitið kl. 15:10

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson